

55 Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða þjónustusamlega að gefa hinum heiðruðu
28. apríl. stiptsyfirvöldum til vitundar, að jeg verð að fallast á, að skoðunargjörð á hinum hjerum-
rædda skógi eptir hinum fram komnu skýrslum sje nauðsynleg, og að jeg þessvegna,
þarsem hinu opinbera samkvæmt brjefi kirkju- og kennslustjórnarinnar 21. júní 1860
ber að hafa nákvæmar gætur á því, að það sem eptir er af skóginum verði ekki látið
sæta meiri skemmdum, en þegar er orðið, vil samþykkja, að kostnaðurinn við skoðunar-
gjörð þessa, er eptir álíti stiptsyfirvaldanna ekki mun geta numið miklu, verði greiddur
af því fje, sem veitt er í fjárlögunum til óvissra útgjalda. Og býst jeg á sínum tíma
við að fá skýrslu um skoðunargjörðina og úrslit hennar.

56 Ágrip af 2 brjefum landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til
28. apríl. kirkjubygginga. — Með þessum brjefum veitti landshöfðingi 1200 króna lán
úr viðlagasjóði til endurbyggingar kirkjunnar í Holti undir Eyjafjöllum og 1500 króna lán
úr sama sjóði til endurbyggingar Skorrastaðarkirkju í Suðurmúla prófastsdæmi. Skyldu
lán þessi hvíla á hlutaðeigandi prestaköllum, og af þeim greiðast 4 af hundraði í vöxtu
árlega, en lánin sjálf endurborgast með $\frac{1}{10}$ á ári í 10 ár.

57 Ágrip af brjefi landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli
28. apríl. til jarðabóta. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi Lundar prestakalli í Borgarfjarð-
ar prófastsdæmi 600 króna lán úr viðlagasjóði til endurbóta á túni prestssetursins gegn
því að af láninu yrðu greiddir 4 af hundraði í vöxtu árlega og það sjálft endurborgað
með $\frac{1}{6}$ á ári í 6 ár.

58 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um skilning á l. gr
29. apríl. húsaskattslaganna frá $\frac{14}{12}$ 1877. — Í þóknanlegu brjefi frá 31. des. f. á., hafið þjer,
herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort virða skuli til húsaskatts 2 tímurbúhus, er
á síðast liðnu sumri hafa verið byggð á pörtum úr jörðinni Brekku í Mjóafirði. Er
hvor jarðarparta þeirra, er nefnd hús standa á, talinn 2 ∞ að dýrleika, og nota ábúend-
ur þeirra húsinn við ábúð á jarðarpörtunum, en lifa annars, eptir því sem þjer skýrið
frá, mestmegnis af sjáfarafra.

Útaf þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega gefa yður til vitundar, að með því
að hin umræddu hús eigi geta talizt til jarðarhúsa þeirra, er fylgja jörðinni Brekku
sjálfri, þá verð jeg, sjerstaklega með tilliti til þess, hvernig ákvörðun sú, er hjer á við,
í l. gr. húsaskattslaganna frá 14. des. 1877, er til orðin á alþingi 1877, að álíta, að
nefnd hús verði eigi undanþegin húsaskatti, og skal því þjónustusamlega skora á yður
að gjöra sem fyrst nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að virðing á þeim fari fram í því
skyni.

59 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um leyfi
6. maí. til að nota lopt fangalússins á Eskifirði til fundarhalds. — Samkvæmt beiðni hrepps-